

Ársskýrsla Hrannar Greipsdóttur, fráfarandi forseta

Virðulegi forseti, ágætu Rotaryfélagar og góðir gestir,

Í gær 1.júlí hófst nýtt starfsár Rotaryhreyfingarinnar og því eru stjórnarskiptafundir framundan í flestum klúbbum þessa vikuna. Jón Ólafur Halldórsson hefur formlega tekið við forsetakeðjunni og mun ásamt stjórn sinni leiða starfið þetta starfsár. Ég óska nýrri stjórn allra heilla í starfi og veit að í hana hefur valist einvala fólk sem á eftir að vinna vel fyrir klúbbinn. Þá hefur einnig verið valið í nefndir sem sjá m.a. um að útvega fyrirlesara sem er mjög mikilvægur þáttur í starfinu. Þegar félagar í öllum embættum og nefndum klúbbsins eru taldir reynast nærri helmingur félaga gegna einhverju hlutverki. Í mínum huga skiptir engu máli hversu stórt hlutverkið er því hver hlekkur í keðjunni skiptir máli til að starfið geti verið farsælt.

Þar sem ég hef nú skilað af mér sem forseti klúbbsins er mér bæði ljúft og skylt að flytja ykkur ársskýrslu fráfarandi forseta. Auk mín sátu í stjórninni, Helgi Hafliðason sem ritari, Auður Björk Guðmundsdóttir gjaldkeri, Margrét Theódórsdóttir stallari, Jón Ólafur Halldórsson sem viðtakandi forseti og Finnur Sveinbjörnsson sem fráfarandi forseti. Ég færi samstjórnarmönnum mínum bestu þakkir fyrir mjög gott samstarf. Það hefur verið einstaklega gefandi að vinna með þessari stjórn og er ég þakklát fyrir að hafa kynnst þessu frábæra fólki betur og eignast að vinum.

Sú breyting sem gerð var á stjórnarskipan að fráfarandi forseti sitji í stjórn finnst mér hafa reynst afar vel og styrkt stjórnina. Þá endurskilgreindum við hlutverk stallara og því var gefið aukið vægi. Stallari er nú tengiliður nefnda við stjórn m.a. við útvegum á fyrirlesurum auk þess að halda utan um atriði eins og samskipti við fundarstað og afmælisgjafir og hefur Margrét farið á undan með góðu fordæmi í þessum efnum. En eins og alltaf hefur mætt einna mest á ritara og því vil ég að öllum öðrum ólöstuðum færa Helga sérstakar þakkir fyrir hans starf sem unnið var af mikilli samvissu. Mig langar sérstaklega að nefna vinnu hans við að koma myndum af félögum inn á félagaskrána á netinu. Vil ég einnig nota tækifærið til að hvetja þá félaga sem ekki hafa skilað inn mynd að skila henni til ritara við fyrsta tækifæri.

Á starfsárinu voru haldnir 43 fundir og voru erindin af ýmsu tagi. Nú þegar ég lít yfir umfjöllunarefnið finnst mér efnisvalið hafa verið bæði fjölbreytt og spennandi. 5 fundir voru haldnir utan okkar hefðbundna fundarstaðar á Hótel Borg. Forstóri Icelandair hélt erindi sitt á Hótel Natura, við fræddumst um sjósund hér í Nauthólsvík, áttum jólastund í Þjóðleikhúskjallaranum og heimsóttum Samtök Ferðaþjónustunnar í Borgartúninu. Sú heimsókn sem stendur þó uppúr hjá mér í það minnsta, er í Héraðsdóm Reykjaness þar sem Ástríður héraðsdómslögmaður og félagi okkar setti upp réttarhald sem starfsgreinaerindi sitt. Í ljós komu duldir leikhæfileikar nokkurra félaga okkar og varð úr þessu hinn besti farskipti auk þess sem við fengum betri sýn á það starf sem unnið er í dómssal.

3 félagar fluttu starfsgreinaerindi sitt á árinu og bendi ég nýrri stjórn á að við eigum inni þó nokkuð af erindum bæði frá nýjum félögum og þeim sem skipt hafa um starfsvettvang. 4 félagar fluttu áhugaverð erindi á fundum klúbbsins en utanaðkomandi fyrirlesarar voru 32. Einnig var haldinn hefðbundinn jólafundur, stjórnarskiptafundur og fundur með Umdæmisstjóra. Nokkur þriggja mínútna erindi voru haldin og vonandi fer þeim fjölgandi. Þá var brotið blað í sögu klúbbsins þegar hann hélt sinn fyrsta rafræna fund eða fund á netinu þann 16.apríl síðastliðinn. Ég er sannfærð um að þessum fundum á eftir að fjölga enda var gerður góður rómur að framkvæmdinni sem var í höndum Finns Sveinbjörnssonar. Fundartímamann nýttu félagar til að vafra um netsíðu klúbbsins og koma með ábendingar um að það sem betur mætti fara eða hugmyndir að nýjungum.

Það hefur ávallt verið helsti styrkur Rotary Reykjavík Miðborgar að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá og flyt ég þeim félögum sem sátu í nefndum klúbbsins bestu þakkir fyrir. Ég veit að við Margrét pressuðum oft á nefndirnar að útvega fyrirlesara í tíma en mér finnst mikilvægt að dagskráin sé auglýst með nokkrum fyrirvara. Það hefur líka sýnt sig að góðir fyrirlesarar tryggja góða mætingu. Það er ekki sjálfgefið að útvega áhugaverð erindi en í vetur brá svo að við Margrét rákum fyrirlestarbanka þar sem framboð á fyrirlestur var stundum meira en eftirspurn sem segir okkur að Rotary er talinn vera áhugaverður markhópur. Ný stjórn getur efalítið nýtt eitthvað úr bankanum góða.

Stjórn hittist reglulega á stjórnarfundum og nefndir funduð misoft. Starfsgreinanevnd undir forystu Kristínar Rafnar fór í upphafi starfsársins yfir starfsgreinaflokkun klúbbsins og þá var einnig kynnt til sögunnar ný starfsgreinaflokkun umdæmisins sem Finnur hefur m.a. haft veg og vanda að og hafi þau bæði bestu þakkir fyrir þessa vinnu. Nú ættu starfsgreinar að vera uppfærðar og nær íslensku atvinnulífi.

Ferðanefnd skipulagði að vanda sumargöngu klúbbsins sem farin var um síðustu helgi í blíðskaparveðri á Snæfellsnesi og skemmtinevnd skipulagði jólafundinn sem eins og áður sagði var haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum.

Sú nefnd sem einna mest mæddi á í vetur var klúbbsnefnd en í henni sitja fyrrverandi forsetar klúbbsins. Nefndin er ábyrg fyrir félagavali en í vetur voru 8 félagar teknir inn í klúbbsinn 3 konur og 5 karlar. Ég vona að nýju félagarnir séu ánægð með þá ákvörðun að hafa gengið til liðs við Rotaryhreyfinguna og eigi eftir að njóta þess vel.

Við urðum einnig fyrir þungum áföllum í vetur þegar við misstum tvo af okkar tryggustu félögum langt um aldur fram. Eiríkur Guðnason lést 31 október 66 ára að aldri og Ingibjörg Rafnar lést tæpum mánuði síðar þ.27.nóvember 61 árs að aldri. Bæði Eiríkur og Ingibjörg voru með fyrstu félögum klúbbsins og höfðu gegnt embættum innan hans. Þau voru ávallt áhugasöm um starfið í klúbbsnum og er þeirra sárt saknað úr okkar röðum. Við sendum viðeigandi samúðarkveðjur til fjölskyldna þeirra beggja auk þess sem þeirra var minnst með mínútu þögn á fyrsta fundi eftir andlát þeirra. Á umdæmisþingi hefur svo skapast sú notalega hefð að kveikja á kerti fyrir hvern látinn Rotarfélaga á árinu og það verður gert á Ísafirði í september til minningar um þessa góðu féлага okkar. Megi minning þeirra lifa áfram.

Félagar í Rotary Reykjavík Miðborg eru nú 78 og veit ég að ný stjórn hefur sett sem markmið að félagafjöldinn verði 80 í lok næsta starfsárs. Það mun því aðeins hægja á inntöku nýrra féлага enda hafa bæst við 14 nýir félagar á síðustu 2 árum og því mikilvægt að félagar nái nú að kynnast betur svo

hópurinn verði sterkari heild. Við teljum einnig að 80 félagar sé mjög heppileg stærð fyrir klúbbinn. Það hallar enn aðeins á karlana en þeir eru 37 og konur því 41. Engir félagar sögðu sig úr klúbbnum á árinu en það er ljóst að um 5-10 félagar hafa verið óvirkir um langt skeið og spurning hvort ný stjórn taki af skarið og endurskoði hvort það að greiða félagsgjald sé nægjanlegt til að vera áfram í Rotary. Í lok starfsársins áttu einungs 5 félagar eftir að greiða síðari hluta af félagsgjöldum. Það er mikið af frambærilegu fólki á lista klúbbnefndar sem efalaust myndi styrkja klúbbinn og efla heildarmætingu. 6 félagar okkar eru undanþegnir mætingarskyldu en mæta engu að síður vel og reglulega.

Nokkrir félagar starfa einnig í nefndum á vegum Umdæmisins og án þess að nefna þau öll hér þá færi ég þeim bestu þakkir fyrir sitt framlag. Mig langar þó sérstaklega að nefna að Rannveig Gunnarsdóttir hefur sem maki Umdæmisstjóra sinnt umfangsmiklu starfi og heimsótt flesta ef ekki alla Rotary klúbba landsins. Það verður fengur af reynslu Rannveigar fyrir klúbbinn okkar.

Það hefur verið einkar ánægjulegt að starfa með Umdæmisstjóra Rotaryhreyfingarinnar Tryggva Pálssyni en okkur viðtakandi forsetum varð ljóst strax á PET fræðsluþinginu í mars árið 2011 að hann hafði sett sér skýr markmið. Eitt af þeim var að stofna nýjan Rotaryklúbb fyrir yngra fólk og fá þannig yngri félaga til liðs við Rotaryhreyfinguna auk þess að viðhalda stærð umdæmisins. Það var fljótlega eftir að ég tók við sem forseti sem Tryggvi leitaði til okkar klúbbs með þá hugmynd að stofna nýjan klúbb sem væri tileinkaður lífsstíl yngra fólks. Ljóst var að verkefnið var nokkuð stórt og því var ákveðið að ég myndi fá aðra klúbba til liðs við okkur. Ég hafði því samband við forseta klúbba í Grafarvogi og Árbæ sem tóku erindinu vel og úr varð að við hittumst ásamt þremur félögum sem við höfðum tilnefnt í undirbúningsnefnd. Okkar fulltrúi í undirbúningsnefndinni var Brynjólfur Helgason og hefur hann unnið ötlullega að stofnun klúbbsins sem hlaut fullgildingu þann 26.júní síðastliðinn og var það ánægjudagur fyrir alla sem að verkefninu stóðu. Á fullgildingsfundinum færðum við þrjú móðurklúbbar E-klúbba Rotary Ísland bjöllu, hamar og forsetakeðju auk þess sem okkar klúbbur hafði þegar fært þeim í heimamund 100 þúsund krónur. Ég hvet ykkur eindregið til að kynna ykkur dagskrá nýja klúbbsins og mæta á fundi til þeirra ef þið getið. Fundirnir verða ýmist haldnir sem netfundir eða á einhverjum stað en þau hafa ákveðið að festa sig ekki við einn ákveðinn fundarstað heldur „rotera“ á milli staða en kostnaði verður líka haldið í lágmarki.

Annað stórt verkefni sem klúbburinn stóð að var stuðningur við GSE starfshópaskiptin en á okkar vegum fór Þórir Ingvarsson rannsóknarlögreglumaður til Ástralíu. Við höfum þegar fengið að heyra áhugaverða ferðasögu Þóris.

Það er von mín að klúbburinn taki að sér fleiri verkefni sem þessi og þá sérstaklega þeim sem snúa a samfélags- og mannúðarmálum. Klúbburinn mun afhenda Umdæminu 150 þúsund krónur sem framlag í Polio Plus söfnunina sem eru bæði frjáls framlög frá klúbbfélögum og úr sjóðum klúbbsins.

Þegar hefur verið rætt í stjórn að styrkja einhver samtök myndarlega og hafa okkur verið ofarlega í huga ENZA Fræðslumiðstöð fyrir konur í Suður Afríku sem Ruth Gylfadóttir kynnti okkur nú í apríl og veit ég að margir félagar heilluðust af starfinu sem er unnið þar. Erna Bryndís félagi okkar situr í stjórn samtakanna og vinnur mikið með þeim sem ætti að vera nægur gæðastimpill fyrir okkur.

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi klúbbsins á síðasta starfsári. Efalaust er eitthvað sem gleymist í þessari umfjöllun eða ætti að vera gert hærra undir höfði og biðst ég þá forláts á því. Mig langar rétt í lokin að minnast á vefsíðuna okkar þar sem við höfum í vetur sett inn fréttir og myndir af því helsta í starfinu. Þá hefur Jón Ólafur staðið fyrir því að skanna inn alla fána annarra Rotaryklúbba

sem gestir hafa fært okkur á síðustu árum og eins og áður sagði eru komnar inn myndir af flestum félögum.

Í dag er fyrsti fundur á nýju starfsári á nýjum stað. Eftir miklar vangaveltur og viðræður við ýmsa aðila var ákveðið að nýr fundarstaður yrði hér á Nauthól. Hótel Borg hefur verið ágætur fundarstaður en tekið var verulega að halla undan fæti í upphafi þessa árs og hefur síðan þá bæði þjónusta og aðstaða hríðversnað. Ég vona að nýr staður standi undir væntingum og eigi eftir að halda vel utan um okkur á næstu árum.

Um leið og ég flyt ykkur félagar góðir mínar bestu þakkir fyrir það að hafa sýnt mér traust og veitt mér það tækifæri að gegna embætti forseta á síðasta starfsári óska ég nýrri stjórn og þá sérstaklega Jóni Ólafi sem forseta góðs gengis. Við skulum hafa í huga að klúbburinn er aldrei sterkari en félagarnir sem mynda hann. Því vil ég hvetja ykkur öll til að huga vel að mætingu á næsta starfsári og hvernig hver og einn getur gert klúbbstarfið áhugaverðara.

Einkunnarorð Rotary hreyfingarinnar í minni forsetatíð finnast mér eintaklega falleg „Hlýddu rödd hjarta þíns“ og með þeim orðum lýk ég flutningi ársskýrslu forseta starfsárið 2011-2012.